

1858. útvegið og sendið oss áreiðanlegar og nákvæmar haglýsingar
8. nóvbr. úr hrepp hverjum í sýslunni og hvað gjört hafi verið til að stöðva sýkina. Vær biðjum yður og að skýra oss nákvæmar frá því að vori komanda, hvort yður þyki nauðsyn á að hëðan sè sendir dýralæknar til suðurumdæmisins til aðstoðar við lækn-
ingarnar, og þá hve margir.

En um beiðslu þá, er fylgdi bréfi yðar, um borgun til handa hreppsnefndamönnum, þá sendum vér yður nú 1 exemplar af frumvarpi til viðaukalaga árið 1858—59, er nú er búið að leggja fram á þingi Dana, en eigi að samþykkja; muni þér af því sjá mega, að dómsmálastjórnin hefir, samkvæmt tilmælum yðar í bréfi 11. júní þetta sumar, sett 6000 rd. „við 9. gr. staflíð 2 a 2“, er vera skyldi leigulaust lán handa suðurumdæminu, svo að það gæti borgað dýralæknum þeim, er fengnir hafa verið til að lækna fjárkláðann, og aðstoðarmönnum þeirra; en þess verðum vér að geta, að nokkurn hluta fjár þessa, svo framarlega sem nú ríkisþingið jatar fenu, verður að taka til þess að borga þeim Jensen og Hænsteen, dýralæknum, það sem þér segið í bréfi yðru 28. ágúst að þeir hafi átt eptir ógöldið af launum sínum á Íslandi; vér munum og gjöra það að álitum, þá er vér höfum fengið svar yðar upp á bréf vort 18. f. m., hvort eigi skuli og taka af þessum 6000 rd. til þess að borga með þá 1333 rd. 32 sk., er getið er um í bréfinu, eður þó nokkuð af þeim.

Að lyktum látum vér yður vita, að sjálfsagt verður engum greiðslum lokið af fé þessu, fyrr en þing Dana hefir gildið þar á samkvæði sitt.

9. nóvbr. **31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanna á Íslandi um dómstefnur glæpamála til yfirrettanna og hæstaréttar.**

Með þessi bréfi voru sendum vér yður, herra (títull) eitt exemplar af umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar, dagsett 21. júní þetta ár, um dómstefnur glæpamála til yfirrettanna og

hæstaréttar¹, til þess að þér hafið það til eptirsjónar og skýrið sýslumönnum þeim, er undir yður þjóna, frá efni þess.

1858.
9. nóvbr.

1) Umburðarbréf þetta er svo látandi:

Í umburðarbréfi 28. apríl 1851 og 15. desember 1852 hefir dómsmálastjórnin skýrt yður frá, herra (titull), að þar er maður hefir lögsóktur verið um ýms afbrót, annaðhvort ólík eður lík, og hann verið dæmdur sekur um sum þeirra en sýkn af sumum, og hann áfrýjar dóminum, þá þætti henni réttast, að þá væri og optast nær áfrýjað dóminum af hálfu hins opinbera, svo að hæstarétti eður yfirdómi þeim, er sökin er í lögð, skuli eigi sakir dómstefnulegsins vera bægt frá að leggja dóm á þær greinir, er maðurinn var dæmdur sýkn af.

Dómsmálastjórnin hefir nú tekið eptir því, að hæstiréttur hefir álitid svo í dómi sínum 22. apríl þetta ár, er stendur í hæstaréttartíðindunum 1858, 5. tölu 77.—78. bls., að þar er maður hefir verið dæmdur í héraði sýkn frekari málsóknar og málinu síðan skotið einungis að beiðni hans til yfirdómsins, þá megi svo virðast sem yfirvaldið hafi unað málalyktum í héraði, að því leyti er maðurinn var dæmdur sýkn sakar, en af því leiði, að yfirdómurinn eigi ekki, eptir svo skapaðri dómstefnu, að skilja um sekt mannsins, heldur um það eitt, hvort gjalda skuli samkvæði á héraðsdóminn, eður dæma manninn alsýknan. Hæstiréttur fann nú að því í dómsatkvæði sínu, er landsyfirrétturinn hafði dæmt manninn um sök þá sekan, er hann átti eigi um að skilja; vildi og hæstiréttur eigi dæma sekt hans, og galt því samkvæði sitt á héraðsdóminn í þeirri grein.

Eptir þessu álitu hæstaréttar virðist oss réttast, að hvar þess er maður er dæmdur sýkn frekari málsóknar, og vill hann skjóta málinu til yfirdómsins, er þá hlýtur þó að meta sakargögn, til þess að geta dæmt manninn annaðtveggja alsýknan eður sýknan frekari málsóknar, þá skuli amtmaður og áfrýja málinu af hálfu hins opinbera, svo yfirdómurinn verði fær um að leggja dóm á allt málið; fyrir því leggjum vér svo á við yður, herra (titull), að hvar þess er maður er dæmdur sýkn frekari málsóknar og dómi þeim skotið til æðra dóms að beiðni þess er sóttur er, að þér þá og áfrýið málinu af hálfu hins opinbera.

Með því að svo hefir optlega að borið, að þess hefir eigi gætt verið, er glæpamálum er skotið til hæstaréttar, að áfrýja og málinu af hálfu hins opinbera, þá er maður hefir verið dæmdur sýkn sumra saka og beiðist síðan dómstefnu, þá viljum vér og um leið minna yður á að gæta umburðarbréfanna 28. apríl 1851 og 15. desember 1852, og þó einkanlega um dómstefnur til yfirdómsins.